



1. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin á Borg í Grímsnesi 15. maí 2024 kl. 15:00

Mættir eru:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, Grímsnes-g Grafningshreppi, formaður

Stefán Arngrímsson Hrunamannahreppi, varamaður

Stefanía Hákonardóttir, Bláskógabyggð

Halla Kjartansdóttir, Flóahreppi

Lilja Össurardóttir, Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Bergljót Þorsteinsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi

Geirþrúður Sighvatsdóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð, varamaður

Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvígs, starfsmaður ráðsins

Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási boðaði forföll

Formaður, Sigríður Kolbrún Oddsdóttir setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt.

Þar sem þetta var fyrsti fundur ráðsins kynntu ráðsmenn sig og hvaðan þeir kæmu.

Dagskrá:

1. **Erindisbréf fyrir öldungaráð Uppsveita og Flóa** – lagt fram til kynningar

2. **Dagvistun fyrir aldraða** – Lagt er fram bréf frá Jóhönnu Valgeirsdóttur, hjúkrunarforstjóra Heilsugæslunnar í Laugarási og Sigrúnu Símonardóttur, forstöðumanni heimaþjónustu hjá velferðarþjónustu Árneshvígs. Öldungaráð þakkar fyrir bréfið og bókar eftirfarandi:

Öldungaráð telur að dagvistun fyrir aldraða sé mjög mikilvægur þáttur í að aldraðir geti búið sem lengst heima og viðbót við þá þjónustu sem verið er að veita í dag. Í dag eru 41 heimili á svæðinu sem njóta þjónustu heimahjúkrunar heilsugæslunnar í Laugarási og 68 heimili eru að fá þjónustu frá velferðarþjónustu í uppsveitunum Árneshvígs. Öldungaráð Uppsveita og Flóa telur að það sé mikil þörf á að koma á fót dagvistun í uppsveitum Árneshvígs. Dagvistun fyrir eldri borgara mun m.a. létta álagi og áhyggjum af aðstandendum. Öldungaráð vísar í bréf frá hjúkrunarforstjóra heilsugæslunni í Laugarási og forstöðumanni heimaþjónustu hjá velferðarþjónustunni til frekari rökstuðnings fyrir þörf á dagdvöl fyrir eldri borgara á svæðinu.

3. Önnur mál

- a. Rætt um aðgengismál hjá stofnunum sveitarfélaganna. Öldungaráð skorar á sveitarfélög að skoða þessi mál og bæta úr hjá sér ef þörf er á. Einnig mikilvægt að hafa upplýsingar um þjónustu við eldri borgara sýnilega á aðgengilegu formi s.s. á heimasíðu og/eða bæklingi.
- b. Næsti fundur verður haldin miðvikudaginn 2. október 2024 kl. 15:00 í Brautarholti

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16:20

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir
Halla Kjartansdóttir
Lilja Össurardóttir
Stefanía Hákonardóttir
Stefán Arngrímsson
Bergljót Þorsteinsdóttir
Guðrún Alfreðsdóttir
Geirprúður Sighvatsdóttir
Anný Ingimarsdóttir